

Aukafundur hreppsnefndar Langanesbyggðar var haldinn miðvikudaginn 31. október 2007, kl. 17:09, í fundarstofu Langanesbyggðar að Fjarðarvegi 3.

Mætt voru: Björn Ingimarsson, sveitarstjóri sem ritaði fundargerð, Siggeir Stefánsson, oddviti, Aðalbjörn Arnarsson, Sigurður Jóhannes Jónsson, Sigurður Ragnar Kristinsson, Hulda Sigurðardóttir og Sóley Vífilisdóttir.

Oddviti setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

Dagskrá:

1. Tillögur að samstarfi við Vopnafjarðarhrepp o.fl. vegna rannsókna á sk. Drekasvæði.

Grein var gerð fyrir fundum sem átt hafa sér stað á undanförunum vikum með fulltrúum Langanesbyggðar, Vopnafjarðarhrepps, Lögmannstofunnar Regula og Kristins Péturssonar. Einnig lögð fram gögn vegna stofnunar einkahlutafélagsins Drekasvæðið ehf. Fram kom að hugmyndin væri sú að í upphafi yrði einkahlutafélagið alfarið í eigu sveitarfélaganna tveggja, eða félaga í þeirra eigu, en gert væri ráð fyrir því að fljótlega kæmu Regula og Kristinn Pétursson að því með 10% eignarhlut hvor aðili. Eignarhlutur hvors um sig yrði greiddur með því vinnuframlagi er aðilar hefðu innt af hendi fram til þess tíma að félagið er stofnað auk þeirra gagna er aflað hefur verið í tengslum við þá vinnu og að ekki yrði um frekari kröfur af þeirra hálfu að ræða á hendur félaginu. Einnig kom fram að náðst hefði samkomulag á milli aðila um það hvernig fara skuli með lóðarverðmæti og réttindi þeim tengd og að rædd hafi verið starfsmannamál komi til þess að nægilegt fjármagn fái að verkefninu.

Samþykkt samhljóða að leggja til við stjórn Fræs ehf. að félagið gerist eignaraðili að Drekasvæðinu ehf. í samræmi við bókun hreppsnefndar dags. 18.10.07 og skipi einn aðalmann og einn varamann í stjórn félagsins. Fundur í stjórn Fræs ehf. boðaður að afloknum hreppsnefndarfundi.

2. Fundargerðir nefnda og ráða.

• Atvinnumálanefnd 25.10.07

Með vísan til samþykktar hreppsnefndarfundar 05.07.07 er sveitarstjóra veitt umboð til að ganga frá samningi, fyrir hönd Langanesbyggðar, við sveitarfélögin Norðurþing og Svalbarðshrepp og Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga um kostnaðarskiptingu vegna starfs markaðs- og ferðamálafulltrúa fyrir svæðið frá Jökulsá á Fjöllum að Bakkafirði.

Fundargerðin samþykkt samhljóða.

• Fræðslu- og menningarnefnd 25.10.07

Samþykkt samhljóða að fela sveitarstjóra að ráða tímabundið verkefnisstjóra til að vinna umsókn til menntamálaráðuneytisins um stofnun framhaldsskóladeildar á Þórshöfn. Æskilegt er að verkefnisstjóri komi úr röðum starfsliðs Grunnskólans á Þórshöfn og kemur vel til greina að tveir einstaklingar deili með sér verkefninu. Verkefnisstjóri skal ráðinn til 15. desember 2007.

Fundargerðin samþykkt samhljóða.

Fundargerð lesin upp og samþykkt samhljóða.

Oddviti sleit fundi kl. 18:10